

til laga um veiting ríkisborgararjettar.

(Lagt fyrir Alþingi 1925).

Ríkisborgararjettur veitist eftirnefndum mönnum:

1. Síra Friðriki Hallgrímssyni, sem er fæddur á Íslandi, en hefir mist íslenskan ríkisborgararjett.
2. Almar Viktor Normann, lýsismatsmanni í Reykjavík, fæddum í Noregi.
3. Claus Gerhard Nilsen, hafnarverkamanni í Reykjavík, fæddum í Noregi.
4. Carl Johan Tanke Hjemgaard, kaupmanni á Seyðisfirði, fæddum í Noregi.
5. Laurits Parelius Kristiansen, verkstjóra í Krossanesi, fæddum í Noregi.

Ennfremur veitist ríkisborgararjettur, svo framarlega sem sá maður innan árs frá því að lög þessi öðlast gildi sannar fyrir dómsmálaráðherranum, að hann sje leystur frá því að vera þýskur ríkisborgari,

6. Júlíusi Schopka, verslunarfulltrúa í Reykjavík, fæddum í Pýskalandi.

Greinargerð.

1. Síra Friðrik Hallgrímsson, prestur í Canada, er fæddur í Reykjavík 9. júní 1872. Hann tók prestvígslu hjer á landi og var prestur hjer um hrið. Fluttist vestur um haf 1903 og hefir verið þar prestur síðan. Hefir nú verið kjörinn til prests í Reykjavík, en getur ekki orðið skipaður fyrr en hann, sem hefir öðlast ríkisborgararjett í Canada, hefir aftur fengið ríkisborgararjett hjer á landi.

2. Almar Viktor Normann, lýsismatsmaður í Reykjavík, sem er fæddur í Kabelvaag í Noregi 19. janúar 1883, kom hingað til lands 1904 og hefir dvalið í Reykjavík síðan. Hann er kvongaður íslenskri konu.
3. Claus Gerhard Nilsen, hafnarverkamaður í Reykjavík, sem er fæddur í Trondenesprestakalli í Noregi 4. febr. 1866, kom hingað til lands árið 1905 og hefir dvalið í Reykjavík síðan.
4. Carl Johan Tanke Hjemgaard, kaupmaður á Seyðisfirði, sem er fæddur í Helgeland í Noregi 20. des. 1872, kom hingað til lands árið 1907 og hefir dvalið hjer síðan, á Bakkafirði og á Seyðisfirði, nema hvað hann dvaldi erlendis sjer til heilsubótar árin 1916–1918.
5. Laurits Parelius Kristiansen, verkstjóri í Krossanesi, sem er fæddur í Noregi 20. sept. 1882, kom hingað til lands fyrir 11 árum og hefir dvalið hjer síðan. Hann er kvongaður íslenskri konu.
6. Júlíus Schopka, verslunarfulltrúi í Reykjavík, sem er fæddur í Pýskalandi 15. febr. 1896, kom hingað til lands árið 1920 og hefir dvalið hjer síðan. Hann er kvongaður íslenskri konu. Það er venja, þegar um þýska menn er að ræða, að setja sem skilyrði, að þeir sjeu áður leystir frá því að vera þýskir ríkisborgarar.

Allir þessir menn hafa sótt um íslenskan ríkisborgararjett, og um þá alla hafa hlutaðeigandi lögreglustjórar og sveitar- eða bæjarstjórnir lýst því yfir, að ekkert sje frá þeirra hálfu til fyrirstöðu veitingu ríkisborgararjettarins.